

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af íbúðarhverfi í landi Grundar við Bergvík á Kjalarnesi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest skipulagsuppdrátt af íbúðarhverfi í landi Grundar við Bergvík á Kjalarnesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kjalarneshrepps 6. október 1975 og af skipulagsstjórn ríkisins 13. október 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 495.

3. nóvember 1975.

AUGLÝSING**um skipulag í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Kjósarhrepps í Kjósarsýslu að undanteknum nauðsynlegum byggingum á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 496.

3. nóvember 1975.

ARÐSKRÁ**fyrir Veiðifélag Flóamanna.**

Hofsstaðir	250 einingar
Baugstaðir	65 —
Skipar	42 —
Traðarholt	24 —
Grundirnar m/hjáleigum	24 —
Kotleysa	13 —
Stokkseyri	6 —
Tunga	42 —
Hólar	42 —
Arnarhóll	15 —
Syðri-Gegnishólar	6 —